

Siða og samskiptareglur Félagsbústaða

1. gr. Efni

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem starfsfólk Félagsbústaða sýnir af sér við störf sín. Siðareglur þessar gilda um alla starfsemi, starfsfólk og stjórnendur og gilda um samskipti starfsfólks innbyrðis jafnt sem samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þeim er ætlað að leiðbeina starfsfólki við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni fyrirtækisins og viðskiptavina þess að leiðarljósi og eru einnig stuðningur fyrir starfsfólk ef upp koma siðferðileg álitamál sem taka þarf afstöðu til.

2. gr. Almennar starfsskyldur

Starfsfólk gegnir störfum sínum af alúð og samviskusemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana. Starfsfólk gætir kurteisi og réttssýni, hefur í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfar í anda jafnréttis. Starfsfólk kemur fram við viðskiptavini og samstarfsfólk af virðingu og umburðarlyndi, virðir friðhelgi heimila vegna viðkvæmra starfa inn á þeim og sýnir sanngirni og gætir jafnræðis í störfum sínum. Starfsfólk rækir störf sín af þjónustulund og ábyrgð og mismunar ekki á ólögum eða ómálefnalegum forsendum, svo sem vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjningar.

Starfsfólk vinnur saman faglega og af heilindum að settum markmiðum starfseminnar, sýnir hvert öðru virðingu og virðir verkaskiptingu sín á milli. Starfsfólk forðast að hafast nokkuð það að sem er því til vanvirðu eða álitshnekks eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er það vinnur við. Starfsfólk vinnur gegn hverskonar sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna, sýnir ábyrgð í starfi, viðurkennir ef mistök verða og leitast við að bæta úr þeim.

3. gr. Hæfni

Starfsfólk gætir þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs þess á hverjum tíma. Það leggur sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka hana sjálfu sér og starfseminni til hagsbóta.

4. gr. Samskipti

Starfsfólk sýnir hvert öðru traust og virðir trúnað. Starfsfólk vinnur saman sem heild og miðlar reynslu og þekkingu sín á milli, leysir ágreining á faglegan og uppbyggilegan hátt, veitir hvort öðru uppbyggilega gagnrýni og tekur ábendingum annarra vel. Starfsfólk hlustar á og virðir sjónarmið annarra óháð kyni, aldri, menntun, starfi og bakgrunni, tekur ekki þátt í baktali og hrósar hvert öðru fyrir það sem vel er gert. Starfsfólk gætir þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni til að sinna störfum fyrir Félagsbústaði eða skaðað ímynd eða orðspor fyrirtækisins. Starfsfólk gætir þess í samskiptum utan vinnu, þ.m.t. við notkun samfélagsmiðla að virða trúnað við samstarfsfólk og gagnvart vinnustað.

5. gr. Hagsmunaárekstrar

Starfsfólk skal gæta þess að vina-, hagsmuna og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á störf, þeir tengist ekki innkaupum við tengda aðila eða veiti ekki þjónustu til leigjenda tengdum sér. Starfsfólk misnotar ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum hjá Félagsbústaðum lýkur. Starfsfólk vekur athygli stjórnenda/stjórnar á því ef hætta er á hagsmunaárekstrum. Þetta á einnig við ef þær breytingar verða á högum starfsfólks að valdið geti slíkum hagsmunaárekstrum. Starfsfólk upplýsir um spillingu, ólögmetna eða ótilhlýðilega háttsemi, sem það kann að verða vart við í störfum sínum.

6. gr. Gjafir og fríðindi

Starfsfólk þiggur ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Félagsbústaða nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Starfsfólk þiggur ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

7. gr. Trúnaður

Starfsfólk virðir trúnað um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Gildir þá einu hvort um er að ræða upplýsingar um fyrirtækið, starfsfólk, viðskiptavini, birgja, samstarfsaðila eða aðra hagsmunaaðila. Starfsfólk tryggir að unnið sé með persónuupplýsingar með lögmætum hætti og gera sömu kröfur til undirverktaka sem hafa aðgang að persónugreinanlegum og/eða trúnaðarupplýsingum. Vandað er til allrar meðferðar á upplýsingum og skjölum.

8. gr. Val og ráðningar starfsfólks

Það starfsfólk sem hefur ráðningar starfsfólks á sínu verksviði gætir þess að fylgja lögum, ákvæðum kjarasamninga og mannauðsstefnu Félagsbústaða við val og ráðningar í störf. Þess er ávallt gætt að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki ráðningum starfsfólks.

9. gr. Áreitni og einelti

Einelti, áreitni og ofbeldi, þar með talin kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, eru með öllu óásættanleg í allri starfsemi Félagsbústaða.

10. gr. Öryggi

Starfsfólk Félagsbústaða hafa öryggi að leiðarljósi í starfi sínu og tilkynna slys, óhöpp og hættuleg atvik til að hægt sé að draga lærdóm af þeim.

11. gr. Miðlun og eftirfylgni siðareglna

Siða- og samskiptareglur þessar skulu vera kynntar öllu starfsfólki Félagsbústaða og kynna skal þær nýju starfsfólki er það hefur störf. Með undirritun skuldbindur starfsfólk sig til að hlíta þeim. Sé starfsmaður í vafa um að einhver tilvik samræmist siðareglum skal hann leita ráðgjafar um það efni hjá stjórnendum eða framkvæmdastjóra. Brot á siða og samskiptareglum geta leitt til tiltals eða áminningar og eftir endurteknar áminningar til brottvikningar úr starfi.

Reglur þessar skulu vera aðgengilegar starfsfólki, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Félagsbústaða og annan þann hátt sem til þess er fallinn að þessir aðilar geti kynnt sér þær.

Samþykkt af stjórn Félagsbústaða 28. febrúar 2019.